

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. september 1. bréf

Frá skólastjóra

Fyrsta heila vikan í skólanum er liðin og lofar góðu. Einhverjir hnökrar í skipulagi koma jafnan í ljós fyrstu dagana og reynt er að sníða þá af svo allt geti gengið smurt. Börnin koma glöð og kát og virðast njóta þess að hefja skólastarfið.

Skólastefna

Verið er að vinna að endurskoðun skólastefnu Síðuskóla samhliða innleiðingar nýrrar aðalnámskrár. Á einhverju stigi þurfum við að leita til foreldra um aðkomu að stefnumótuninni.

Við höldum ótrauð áfram að vinna með skólafærnistefnuna okkar SMT. Síðastliðið skólaár fengum við sjálfstæðisfána SMT og þannig staðfestingu á því að við erum á réttri leið með framkvæmdina.

Umhverfisstefna

Næsta vor stefnum við að því að endurnýja Grænfánann í fimmta sinn. Til þess að það megi takast verður skólinn að sýna að hann sé fánans verður. Umhverfisnefndin mun leggja fram hverjar áherslurnar verða í vetur og við vinnum einbeitt að málinu. Mikilvægt er að allt skólasamfélagið leggi sitt af mörkum til að þetta megi takast. Eitt af því sem foreldrar geta gert er að hvetja börnin til að ganga í skólann en aki þeim ekki heim að dyrum skólans. Átakið, Göngum í skólann hefst þann 5. sept.

Nýtt starfsfólk

Við skólann starfa í vetur um 75 manns og ekki eru miklar breytingar frá síðastliðnu skólaári. Nýir starfsmenn eru Anna María Sigurgísladóttir skólaliði, Magnea Guðrún Karlsdóttir forfallakennari, Símon Hjálmar Valdemarsson þroskaþjálfari, Stefán Aðalsteinsson aðstoðarmatráður og Ævar Þór Bjarnason skólaliði.



Síðuskóli umfaðmaður haustið 2012

Markmið með útgáfu fréttabréfs:

Að miðla upplýsingum til forráðmanna barna í Síðuskóla. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á stjórnendur, oli@akureyri.is, olofi@akmennt.is., thorah@amennt.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara. Blaðinu er dreift með tölvupósti til forráðamanna barna í Síðuskóla og er einnig birt á heimasíðu skólans, <http://www.siduskoli.is> Það mun koma út mánaðarlega.



Norræna skólahlaupið 2012



Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen

Skólafærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. bekk

Þriðjudaginn 10. september er foreldrum nemenda í 1. bekk Síðuskóla boðið á skólafærninámskeið. Námskeiðið er haldið árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með því er að kynna foreldrum skólastarfið, ásamt fræðslu og upplýsingum. Þarna gefst foreldrum einnig tækifæri til að spjalla við umsjónarkennara, starfsfólk og aðra foreldra, ásamt því að skoða skólann, þeir sem eiga það eftir.

Námskeiðið verður haldið á sal skólans

Þriðjudaginn 10. september kl. 17.00-18.30

Dagskráin verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla
- Umsjónarkennarar fjalla um kennsluáðferðir /heimanám/ samvinnu við heimilin o.fl.
- „Einn netborgari með öllu“ Fyrirlestur Guðjóns Hreins Haukssonar kennara í MA

Athugið að fyrirlestur Guðjóns er ætlaður foreldrum barna í 1.-4. bekk og hefst hann kl. 17.30. Við hvetjum foreldra til að mæta því umgengni ungra barna við tölvur er eitthvað sem allir foreldrar þurfa að gaumgæfa vel.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Foreldrar fá viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna frá barni þeirra.

Helstu viðburðir í september

- Norræna skólahlaupið - 5. sept.
- Göngum í skólann - 5. sept. - 3. okt.
- Fótboltamót unglingsdeildar í Boganum - 11. sept.
- Dagur umhverfis 16. sept. Keppni um náttúrufræðing skólans 2013.
- Samræmd próf 4.b, 7. b. og 10.b. 23.-27.09.
- Aðalfundur FOKS 18. sept.



Úr skólalífínu

Í vetur eru 422 nemendur í skólanum og eru þeir nokkru fleiri en í fyrra þó litlu muni. Fyrirsjáanlegt er að skólaárið 2014 - 2015 muni nemendum fækka hér og fara niður fyrir 400. Þetta stafar af því að stór árgangur fer úr skólanum en fámennur kemur inn í fyrsta bekk.

Útikennslustofa (staðan og breytingar) Við höfum verið að útbúa útikennslustofu í skógarlundi norðan við skólann. S.l. vor var talsvert unnið þar og áætlanir um framhald. Í sumar gerist það svo að einhverjir sem eru í neyslu fíkniefna fara að venja komur sínar í Rjóðrið eins og við kölluðum staðinn. Við erum því hætt við þennan stað sem útikennslustofu og ætlum að hugsa málið upp á nýtt.

Aðalnámskrá grunnskóla — grunnþættir menntunar

Aðalnámskrá er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Aðalnámskrá er ætluð starfsfólki í skólakerfinu sem og nemendum/foreldrum o.fl. til upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Hún byggir á sex grunnþáttum: Læsi, sjálfbærni, heibrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eru leiðarljós og eiga að tengjast öllum námsgreinum grunnskóla.



Til athugunar:

Viljum vinsamlegast benda foreldrum á að nota neðra hringtorgið þegar þeir hleypa börnum úr bílunum á morgnana. Óþarfa hætta skapast á bílplaninu þegar fólk ekur um það þegar nemendur og starfsfólk eru að mæta í skólann.

Hafagrauturinn

Við minnum á að nemendur eiga kost á að fá hafagraut frá kl. 7.45 í mötuneytinum, hann er alveg ókeypis og ótrúlega hollur og góður !!!




Skólamötuneyti - gjaldskrá 2013

Stök máltíð	kr. 501
Annaráskrift	kr. 371
Annaráskrift á mjólk	kr. 2.650



MATSEÐILL - SEPTEMBER 2013



2. Kjötfars í ofni, kartöflur, rauðkál, baunir, sósa	3. Steiktur fiskur, kartöflur, laukur, sveppir Grænmeti og ávextir	4. Pottréttur, hrísgrjón og snittubrauð	5. Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti og ávextir	6. Sveppasúpa, brauð, grænmeti og ávextir
9. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrý -sósa, ávextir	10. Kjötsúpa	11. Pönnukökur með hakki, grænmeti, salsasósa	12. Soðinn fiskur, kart-öflur, smjör, ávextir	13. Gúllas, kartöflumús
16. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	17. Lasagna, snittubrauð, grænmeti	18. Ýsubitar í karrý og kókos, ávextir	19. Pítur með hakki, grænmeti og sósu	20. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
23. Hakk, spagetti, snittubrauð. 30. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur. Grænmeti, ávextir	24. Fiskibuff, kartöflur, laukur, grænmeti, ávextir	25. Snitsel, brúnaðar kartöflur, baunir, sulta	26. Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, ávextir	27. Súpa, brauð og ávextir